

12 leiðbeiningar sem mælt er með í samskiptum við fjölmiðla eða á opinberum vettvangi, til notkunar á öllum þjónustustigum SLAA samtakanna.

excerpted © 1985 The Augustine Fellowship, Sex and Love Addicts Anonymous, Fellowship-Wide Services, Inc. All Rights Reserved

1. Við reynum að forðast óþarfa athygli almennra fjölmiðla á SLAA sem heild.
2. SLAA hefur enga skoðun á utanaðkomandi málefnum, því ætti nafni SLAA ekki að vera blandað í opinber deilumál.
3. Stefna okkar í almannatengslum er byggð á aðlöðun fremur en áróðri. (Við sækjumst ekki eftir umfjöllun í fjölmiðlum).
4. Eindregið er mælt gegn því að stakir SLAA félagar reyni að koma SLAA í fjölmiðla upp á eigin spýtur.
5. Hópsamviska deilda verður að meta það hvort viðeigandi sé að hafna eða taka tækifærum á að fá umfjöllun fjölmiðla. Ef samþykkt er að nýta tækifæri til umfjöllunar þarf samviskan að ræða það hvernig skuli brugðist við með tilliti til þessara leiðbeininga.
6. Ef SLAA fær tilboð og tækifæri til fjölmiðlabirtingar, en með slíkri tímapressu að samviska deildanna nái ekki að fjalla um það á viðhlítandi hátt, ber að hafna tækifærinu.
7. Að minnsta kosti tveir SLAA félagar í bata þurfa að höndla almannatengslaviðburði eða fjölmiðlauppákomur. SLAA félagar ættu að taka það skýrt fram að þeir koma aðeins fram sem einstaklingar en tala ekki fyrir SLAA sem heild. Enginn SLAA félagi ætti nokkru sinni að vera í þan-nig stöðu að hann virðist tala fyrir SLAA samtökin í heild.
8. SLAA félagi sem kemur fram í fjölmiðlum ætti að notast við dulnefni í formi fyrsta nafns (t.d. Jói). Einnig er sterklega mælt með sjónrænni nafnleynd í öllum fjölmiðlakingumstæðum sem tengjast sjónvarpi, kvikmynduðu eða uppteknu efni. Við verðum ætíð að varðveita persónulega nafnleynd á vettvangi fjölmiðla, útvarps, sjónvarps, hreyfimynda og í öðrum almennum fjölmiðlum.
9. Við forðumst að taka þátt í opinberum umræðum, málstofum eða öðrum fjölmiðlauppákomum þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að SLAA sé stillt upp gegn andstæðum sjónarmiðum eða talsmönnum annarra hagsmunamála eða samtaka.
10. Þegar upp koma mál sem varða fjölmiðlaumfjöllun eða almannatengsl, hefur umboð til ákvarðana það samviskustig sem samsvara því svæði sem tengist eða verður fyrir áhrifum af áætlaðri fjölmiðlaumfjöllun. Fjölmiðla og almannatengslatækifærum sem hafa áhrif á stærri heild SLAA samtakanna, ætti að beina að sameiginlegri samvisku sem samsvarar þeirri heild. Hvert stig samvisku í SLAA getur, ef það svo kys, tilnefnt almannatengsla- eða fjölmiðlanefnd sem er ábyrg gagnvart þeirri samvisku sem tilnefnir hana og getur nefndin starfað sem samviska deildarinnar í ákvörðunum er varða fjölmiðla- og almannatengslatilboð á viðkomandi þjónustustigi eða þjónustusvæði.
11. Öllum fjölmiðla og almannatengsla tækifærum sem geta mögulega haft áhrif á SLAA sem heild, ætti að beina til samviskudeildar heimssamtakanna (Fellowship Wide Services), með milligöngu trúnaðarráðsins (Board of Trustees).
12. Mælt er með því að hafa mínútulanga hugleiðslu í þögn, áður en ákvarðanir eru teknar, er varða fjölmiðla og almannatengsl á öllum stigum hópsamviskunnar. Með því er opnað fyrir tengslin og sambandi náð við við Guðsvitundina sem leiðir SLAA áfram, svo hún geti gert vart við sig og hjálpi okkur þannig að tryggja að ákvarðanir samviskunnar endurspegli sannarlega fyrirætlun æðri mátar fyrir SLAA.